

22. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins Haldinn í Kjarval, föstudaginn, 1. nóvember 2024, kl. 15.30-16.50

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 4. október 2024

Undirrituð og samþykkt.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Ánægja með aðalfund, Ferðamálaþing og Höfuðgleði. Farið yfir helstu mál s.s. ekki komin niðurstaða í vsk. mál, samningar við FMS og ÍSL í vinnslu en líklega seinkun vegna stjórnarskipta, samfélagsmiðlar ganga mjög vel og mikið að gerast í vinnu með áhrifavöldum, þróunarverkefni ganga vel og Álafoskvos nú lokið. Hagaðilasamtal í kringum Hallgrímskirkju heldur áfram. Út um allt verður kynnt á aðalfundi SSH. Innleiðing á Reykjavík City Card gengur vel. Forgangsmál hafa gengið vel en viljum gjarnan leggja meiri áherslu á að fá fleiri aðildarfélag.

3. Spjall stjórnar, starfsreglur og fundir framundan

Ánægja með fyrirkomulag stjórnarfunda og stjórnargögn. Fundartími góður fyrir stjórnarmeðlimi. Ekkert í starfsreglum sem ákveðið var að uppfæra.

Umræða um skiptingu verka í stjórn og hvernig slíkt er ákveðið. Þarf að skoða út frá samþykktum hvernig þær ákvarðanir eru teknar. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verður áfram formaður og Rannveig Grétarsdóttir verður áfram varaformaður á þessu starfsári.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16.50